

dæma stefndu greiðsluskylda til bæjarsjóðs Akraness í þessu tilviki og skylda hana til þess að greiða byggingarleyfisgjöld til stefnanda, svo sem farið hefur verið fram á í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum þykir hæfilegt, að stefnda greiði stefnanda kr. 3.000,00 — þrjú þúsund krónur — í málskostnað.

Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, stjórn Sementsverksmiðju ríkisins, er skylt fyrir verksmiðjunnar hönd að greiða stefnanda, bæjarsjóði Akraness, gjald fyrir veitt byggingarleyfi fyrir hús og mannvirki stefndu í Akranesskaupstað.

Stefnda greiði stefnanda, bæjarsjóði Akraness, 3.000,00 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. marz 1959.

Nr. 117/1957. **Neytendasamtökin,**
Sveinn Ásgeirsson,
Gunnlaugur Þórðarson,
Gísli Þorkelsson,
Gunnar Björnsson,
Valdimar Jónsson,
Elsa Guðjónsson,
Gunnar Friðriksson,
Halldóra Eggertsdóttir,
Pétur Pétursson,
Sveinn Ólafsson,
Snorri P. Snorrason,
Þórhallur Halldórsson

og

Arinbjörn Kolbeinsson

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Kolbeini Þorsteinssyni & Co.

og

Gústaf A. Sveinssyni f. h. Hvile Vask

Kompagniets Salgskontor
v.T. Nielsen og Kaj Mortensen
 (Gísli Einarsson hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Sýknað af skaðabótakröfu út af viðvörun til almennings um gallaða vöru.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa, að fenginni gjafsókn, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1957. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Kolbeins Þorsteinssonar & Co., eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Málflutningsmaður áfrýjenda hér fyrir dómi hefur skýrt svo frá, að Neytendasamtök Reykjavíkur hafi breytt um nafn og heiti nú Neytendasamtökin. Þá hefur málflutningsmaður stefndu lýst því fyrir Hæstarétti, að annar umbjóðandi hans hafi í málflutningi í héraði ranglega verið nefndur Hvile Vask Kompagniet, en hið rétta og fulla nafn sé Hvile Vask Kompagniets Salgskontor v.T. Nielsen og Kaj Mortensen.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram mörg ný gögn.

Sumarið 1953 tók stefndi Kolbeinn Þorsteinsson & Co. að selja hér á landi þvottaefni, sem nefnt er Hvile Vask og framleitt er af Sana Laboratoriet í Kaupmannahöfn. Kveðst Kolbeinn Þorsteinsson & Co. hafa fengið einkaumboð frá meðstefnda, Hvile Vask Kompagniets Salgskontor, til sölu þvottaefnisins hér á landi. Samkvæmt leiðarvísi á umbúðum þvottaefnis þessa var hér um að tefla sjálfvirkt þvottaefni, sem væri nýjung og hefði í för með sér byltingu um framkvæmd þvotta. Í leiðarvísinum er m. a. tekið

fram, að þvottaefnið spari tíma og fé og valdi eigi sliti á efni því, sem þvegið er.

Áfrýjandi, Neytendasamtökin, sem stofnuð voru í þeim tilgangi að gæta hagsmuna neytenda almennt, töldu framangreinda lýsingu á þvottaefninu og auglýsingar í sambandi við það veita tilefni til athugunar. Fólu þau sérstakri gæðamatsnefnd á vegum samtakanna að kanna þvottaefnið. Gæðamatsnefnd fól síðan Atvinnudeild háskólans að efnagreina þvottaefnið Hvile Vask. Framkvæmdi hún efnagreiningu á einum pakka af þvottaefninu og lét í té vottorð um niðurstöðu efnagreiningarinnar hinn 20. október 1953.

Hinn 13. nóvember 1953 birtu Neytendasamtökin í dagblöðum Reykjavíkur viðvörðun til almennings við einhliða notkun þvottaefnisins Hvile Vask. Er því lýst þar, að Atvinnudeild háskólans hafi efnagreint þvottaefnið þannig:

Sápa	27,4%
Vatn	30,4%
Bleikiefni (natríumperborat)	30,5%

Í viðvörðuninni er því lýst með hliðsjón af efnagreiningu þessari, að Hvile Vask innihaldi óhæfilega mikið bleikiefni, eða 4—6 sinnum meira en venjulegt er og hæfilegt getur talizt í sjálfvirkum þvottaefnum. Hið óeðlilega mikla bleikiefni samfara tiltölulega litlu sápuinnihaldi hafi í för með sér bleikingu þvottarins fremur en hreinsun. Of mikil bleiking valdi því, að þræðir efnisins verði stökkir og brotni því fremur, en af því leiði óeðlilega mikið slit á þvottinum. Hins vegar megi fallast á, að nota megi Hvile Vask sem bleikiefni með öðrum þvottaefnum, sem ekki innihaldi bleiki, en þá væri hæfilegt að nota 4—6 sinnum minna af Hvile Vask en gefið er upp í leiðarvísi á umbúðunum. Loks er Hvile Vask talið mjög dýrt samanborið við gamalreynd þvottaefni, sem hér eru á markaði.

Stefndu töldu, að framangreind viðvörðun hefði dregið mjög úr sölu á þvottaefninu Hvile Vask hér á landi og bak að sér fjártjón. Og þar sem viðvörðunin sé óréttmæt, beri áfrýjendum að greiða sér bætur vegna hennar.

Gagnrýni áfrýjenda á þvottaefninu Hvile Vask beinist aðal-

lega að því, að það innihaldi bleikiefni (natriumperborat) í of ríku mæli, en það valdi óhæfilegu sliti á efni því, sem þvegið er. Skulu nú athuguð gögn málsins, er að þessu líta.

Í málinu liggur fyrir vottorð frá Steins Laboratorium í Kaupmannahöfn, dags. 24. desember 1953, um efnagreiningu á tveimur sýnishornum af þvottaefninu Hvile Vask, merktum I og 1. Segir í vottorðinu, sem tekið er upp í héraðsdóm, að natriumperborat geti hafa verið 26,8% í sýnishorni I og 21,7% í sýnishorni 1.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram endurrit af bréfi frá Teknologisk Institut í Kaupmannahöfn til nafngreinds málflutningsmanns þar, dags. 2. febrúar 1954. Er því lýst þar, að við efnagreiningu á þvottaefninu Hvile Vask hafi komið í ljós, að það innihaldi 25—30% natriumperborat.

Hinn 25. maí 1954 voru þeir dr. Björn Jóhannesson efnaverkfræðingur og Pétur Sigurjónsson efnaverkfræðingur dómkvaddir til að framkvæma efnagreiningu á þvottaefninu Hvile Vask. Samkvæmt matsgerð þeirra, dags. 12. nóvember 1954, framkvæmdu þeir fjórar efnagreingar, þrjár hverja úr sínum pakka af þvottaefninu og eina úr meðalsýnishorni úr 16 pökkum. Niðurstaða efnagreiningarinnar reyndist sú, sem greinir í héraðsdómi, en samkvæmt henni var perboratinnihald sýnishornanna 31%, 28,8%, 30,2% og 30,8%.

Neytendasamtökin skýra svo frá, að tilefni til þess, að þau tóku þvottaefnið Hvile Vask til athugunar, hafi verið, að þeim hafi verið kunnugt um, að svissneskar og þýzkar efna- og tilraunastofnanir hafi þegar árið 1952 varað almenning við notkun þvottaefna, sem innihéldu bleikiefni (natriumperborat) í of ríku mæli. Þessu til sönnunar hafa Neytendasamtökin lagt fram í Hæstarétti í máli þessu viðvörun til húsmæðra frá svissnesku efnarannsóknar- og tilraunastofnuninni fyrir iðnað, byggingar og iðn í St. Gallen, dags. 28. febrúar 1952. Er því þar m. a. lýst, að á síðustu tímum sé rekinn áróður fyrir þvottaaðferðum, sem taldar eru gera þvottinn framkvæmanlegan án allrar hreyfingar hans í lútu-um. Sé hér í aðalatriðum um að ræða bleikjun með súr-efnisbleikiefninu natriumperborati, en því miður sé þessi

Þvottaaðferð svo vefnaðarvöruskemmandi, að þvotturinn hljóti að eyðileggjast óþolandi fljótt. Hinar efnalegu skemmdir, sem þvotturinn verði fyrir, komi að visu eigi í fyrstu í ljós, það sé eigi fyrr en eftir vissa tölu slíkra þvotta, að vefnaðurinn verði stökkur og ofurseldur slitinu. Nota megi einungis nákvæmlega skammtað magn af perborati. Eftir uppsögu héraðsdóms hafa áfrýjendur snúið sér til rannsóknarstofnunarinnar í St. Gallen og æskt umsagnar hennar um viðvörun sína til almennings. Í bréfi 21. október 1957 lýsir nefnd rannsóknarstofnunar því, að hún áliti í öllu tilliti réttar þær ályktanir um framleiðsluna Hvile Vask, sem dregnar hafa verið af efnagreiningarniðurstöðum rannsóknarstofnunar Háskóla Íslands. Þvottaefni með 30,2% af natríumperborati, notað að magni 5—7 g/lt (gramm/litri), valdi samkvæmt reynslu hinnar svissnesku stofnunar miklum skemmdum á vefnaðarvöru. Í bréfinu segir enn fremur: „Perboratinnihald þvottaefna okkar, sem tíðkast í verzlun, liggur á milli 5 og 10%“.

Þá hafa áfrýjendur lagt fram í Hæstarétti þýðingu á grein frá þýzku þvottarannsóknarstofnuninni Krefeld, sem birtist 1952 í tímaritinu Seifen-Öle-Fette-Wachse. Þar segir m. a., að um nokkurt skeið hafi verið á boðstólum efni til þvotta með þeim gyllingum, að þau geri þvottavélar óþarfar og hreinsi þvottinn, án þess að hann sé nuddaður. Þvottarannsóknarstofnunin Krefeld hafi rannsakað slík efni og komið að raun um, að í þau sé blandað yfirgnæfandi perboratbleikiefni. Við notkun slíkra bleikiefna geti komið fram þvottaskemmdir, sem fari langt fram úr þeim mæli trefjaskemmda, sem til þess tíma hafi verið taldar verjandi. Slíkt slitþolstap komi yfirleitt eigi strax í ljós, heldur verði það fyrst greinanlegt eftir endurtekna þvotta. Eftir uppsögu héraðsdóms æsktu áfrýjendur umsagnar þvottarannsóknarstofnunarinnar Krefeld um þvottaefni, sem væri þannig samsett:

Sápa	ca 35%
Sódi	— 30%
Natríumperborat	— 25%
Vatn	— 7%

Segir í svarbréfi stofnunarinnar, dags. 10. desember 1957, að hún geti skilið að fullu og öllu leyti, að Neytendasamtökin hafi varað íslenska notendur við varanlegri notkun slíks þvottaefnis.

Enn hefur verið lagt fram í Hæstarétti endurrit af grein úr tímaritinu Melliand Textilberichte, 2. hefti 1955. Segir þar á einum stað: „Af þessum niðurstöðum kemur í ljós, að innihaldi sjálfvirks þvottaefnis, hvað snertir efni, sem gefa frá sér súrefni, skulu frá sjónarmiði trefjaverndarinnar takmörk sett, sem samkvæmt tilraununum liggja við h. u. b. 15% perboratinnihald. Hreinsunarefni með meira perboratinnihaldi ætti ekki að auðkenna sem þvottaefni, heldur sem bleikiefni.“

Í áðurgreindu bréfi Teknologisk Institut frá 2. febrúar 1954 segir, að efnagreining á efninu Hvile Vask leiði í ljós, að það innihaldi 25—30% natríumperborat, en það sé um þrisvar sinnum meira bleikiefni en í venjulegum sjálfvirkum þvottaefnum, og ætla megi, að notkun þessa þvottaefnis hafi í för með sér mjög mikið slit á efni því, sem þvegið er. Á umbúðunum standi, að Hvile Vask innihaldi engin efni, sem séu skaðleg fyrir vefnaðarvöru, en það muni kunnáttumenn telja mjög svo ósatt.

Loks hafa Neytendasamtökin sent Statens Husholdningsraad í Kaupmannahöfn til umsagnar viðvörun þá um Hvile Vask, sem í málinu greinir, ásamt efnagreiningu Atvinnudeildar Háskólans. Í svarbréfi frá Statens Husholdningsraad, dags. 21. október 1957, segir: „Á grundvelli almennrar reynslu ráðsins um þvottaefni, sem að nokkru leyti styðst við það, sem hefur verið ritað um efnið, og að nokkru leyti við þá reynslu, sem ráðið hefur fengið í starfi sínu, getur ráðið lýst því, að þar (þ. e. í viðvöruninni) gefnar upplýsingar um þvottaefnið Hvile Vask eru í samræmi við þau áhrif, er samkvæmt hinum fyrirliggjandi upplýsingum má telja, að séu eiginleg nefndu þvottaefni, enda sé höfð hliðsjón af greiningu þeirri á efnasamsetningu þvottaefnisins, sem fram kemur í bréfi yðar.“

Í héraði var lagt fram vottorð frá J. & O. Hansens Labora-

torium, Rigensgade 20, Kaupmannahöfn, dags. 26. nóvember 1953. Í vottorðinu segir, að rannsóknarstofa þessi hafi þvegið venjulegan hörvefnað 75 sinnum úr þvottaefninu Hvile Vask og falið síðan viðurkenndri, opinberri rannsóknarstofu að mæla annars vegar styrkleika slíks vefnaðar óþvegens og hins vegar þess vefnaðar, er þveginn hefði verið 75 sinnum. Hafi niðurstaðan orðið sú, að styrkleiki uppistöðu vefnaðarins óþvegens hafi reynzt 39 kg, en þvegens 37 kg. Styrkleikinn á ívafinu óþvegnu hafi reynzt 65 kg, en þvegnu 64 kg. Sanni þetta, að svo að segja ekkert slit hafi komið fram á efninu eftir 75 þvotta úr Hvile Vask. Jafnframt var í héraði lagt fram bréf frá Teknologisk Institut í Kaupmannahöfn til „fabrikant Hansen, Rigensgade 20“ í Kaupmannahöfn, dags. 24. nóvember 1953, þar sem því er lýst, að stofnunin hafi framkvæmt styrkleikapróf á tveimur stykkjum af hörvefnaði, er Hansen hafi sent stofnuninni, annað óþvegið, en hitt þvegið af honum. Er niðurstaðan af slitþolsrauninni sú sama, sem áður greinir í vottorði J. & O. Hansens Laboratorium.

Í áðurgreindu bréfi frá Teknologisk Institut, dags. 2. febrúar 1954, biður stofnunin málflutningsmanninn um aðstoð vegna misnotkunar firmans Hvile Vask á nafni Teknologisk Institut. Segir í bréfinu, að hinn 17. nóvember 1953 hafi stofnunin fengið send frá „herr Hansen, Rigensgade 20,“ tvö stykki af vefnaði til slitþolsraunar. Hafi Hansen tjáð í síma, að annað stykkið væri óþvegið, en hitt stykkið hefði verið þvegið 75 sinnum, og beðið um, að þess yrði getið í vottorði um slitþolsraunina. Stofnunin hafi þó ekki viljað taka þetta upp í vottorðið, þar sem það hafi verið álit hennar, að hið þvegna stykki hafi verið þvegið mjög sjaldan, ef til vill í hæsta lagi 5 sinnum. Nú hafi stofnunin orðið þess vör, að firmað Hvile Vask haldi því á loft, að það hafi örugga yfirlýsingu frá Teknologisk Institut um, að efni, sem þvegið sé úr Hvile Vask 75 sinnum, sýni aðeins 1—2% slit.

Eins og sjá má af bréfi frá Teknologisk Institut, sendi O. P. Hansen stofnuninni efni til slitþolsraunar hinn 17. nóvember 1953, þ. e. 4 dögum eftir að viðvörðun Neytendasamtakanna birtist í dagblöðum Reykjavíkur. Með skirskotun

til þess, sem segir í bréfi Teknologisk Institut, veitir fyrrgreint vottorð J. & O. Hansens Laboratorium, dags. 26. nóvember 1953, enga sönnun um óskaðsemi þvottaefnisins Hvile Vask.

Í bréfi Statens Husholdningsraad í Kaupmannahöfn, dags. 22. nóvember 1955, er skýrt frá togstyrkleikamælingum, er framkvæmdar hafi verið á tvenns konar nýju efni, öðru úr hör, en hinu úr baðmull. Var hvoru efninu um sig skipt í tvo hluta, og var annar þveginn einungis úr vatni, en hinn úr vatni með Hvile Vask-þvottaefni samkvæmt leiðarvísi þeim, sem prentaður er á umbúðirnar. Rannsóknin sýndi styrkleikarýrnun í hundradshlutum sem meðaltal af 100 styrkleikaraunum sem hér segir:

Tegund efnis	Meðferð	Vatn eingöngu	Vatn + Hvile Vask	Mismunur
Hör	Eftir 50 þvotta	20.8	43.6	22.8
	— 80 —	26.3	53.7	27.4
	— 100 —	35.6	58.6	23.0
Baðmull	— 50 —	+ 0.8	17.6	18.4
	— 80 —	1.9	23.7	21.8
	— 100 —	3.8	25.2	21.4

Hinir dómkvöddu menn, dr. Björn Jóhannesson og Pétur Sigurjónsson, framkvæmdu rannsókn á slitþoli baðmullarefnis, sem þvegið hafði verið með þvottaefninu Hvile Vask. Var efninu skipt í þrjá hluta, einn hlutinn þveginn einu sinni úr vatni, annar hlutinn þveginn 50 sinnum úr upplausn af þvottaefninu Hvile Vask samkvæmt leiðarvísi, sem efninu fylgir, og þriðji hlutinn 50 sinnum úr sterkari upplausn samkvæmt sama leiðarvísi. Eins og nánar er lýst í héraðsdómi, varð niðurstaða af slitþolsmælingunni sú, að styrkleiki baðmullarefnisins minnki að meðaltali við þvott í 50 skipti úr Hvile Vask um 16,6% uppistaðan, en ívafið um 18,2%, þá er þvegið er úr hinni veikari upplausn, en uppistaðan um 18,8% og ívafið um 18,2%, þegar þvegið er úr sterkari upplausninni.

Í framangreindu bréfi frá Teknologisk Institut til O. P.

Hansens, dags. 24. nóvember 1953, er því lýst, að stofnunin telji það fullnægjandi, ef slitið á tilraunaefni hennar, D.S. 74 óbleiktu, er 10—15% eftir 50 þvotta, framkvæmda á vægilegan hátt. Lögð hefur verið fram í Hæstarétti álitserð sænskrar nefndar, sem birtist í Statens Offentliga Utredningar 1955: 8, Tvátt, þar sem skýrt er frá því, að við slitþolsraun á venjulegu bleiktu baðmullarefni, sem þvegið hefur verið 100 sinnum í vél með 5 gr sápu og 1 gr natríumhýdroxýd, minnki slitþolið um ca. 15%. Hins vegar hafi tilraunir með perborat-þvottaaðferð valdið skemmdum á sams konar baðmullarefni, sem séu mörgum sinnum meiri en sú slitþolsrýrnun, sem fylgir venjulegum skynsamlegum þvottaaðferðum. Í fyrrnefndu bréfi svissnesku efnarannsóknarstofnunarinnar frá 21. október 1957 er frá því skýrt, að samkvæmt bókinni Seifen und Waschmittel, út gefinni af svissneska efnafræðifélaginu, beri að nefna þvottaefni skemmdavald á vefnaðarvöru, ef það, notað samkvæmt leiðarvísi, veldur 40% slitþolslækkun á rannsóknarvefnaði hinnar svissnesku efnarannsóknarstofnunar eftir 50 þvotta.

Umsagnir og álitserðir kunnáttumanna, sem að framan greinir, bera það með sér, að það magn af natríumperborati, sem reyndist vera í þvottaefninu Hvile Vask við efnagreiningar bæði hér á landi og í Danmörku, er skaðlegt fyrir vefnað þann, sem þvegin er. Slitþolsraunir, sem gerðar hafa verið, sýna, að slit á baðmullarefni, þvegnu 50 sinnum úr þvottaefninu Hvile Vask, er meira en Teknologisk Institut telur eðlilegt og að slit á hörefni, þvegnu einnig 50 sinnum úr Hvile Vask, er 43,6%, en það verður eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, að teljast óhæfilega mikið.

Samkvæmt því, er nú var rakið, þykja eigi vera efni til að dæma fébætur á hendur áfrýjendum fyrir viðvörun þá til almennings, sem áður greinir. Ber því að sýkna þá af kröfum stefndu í málinu.

Eftir atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður falli niður, en málf lutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjenda fyrir Hæstarétti, kr. 9.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Neytendasamtökin, Sveinn Ásgeirsson, Gunnlaugur Þórðarson, Gísli Þorkelsson, Gunnar Björnsson, Valdimar Jónsson, Elsa Guðjónsson, Gunnar Friðriksson, Halldóra Eggertsdóttir, Pétur Pétursson, Sveinn Ólafsson, Snorri P. Snorrason, Þórhallur Halldórsson og Arinbjörn Kolbeinsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefndu, Kolbeins Þorsteinssonar & Co. og Gústafs A. Sveinssonar f. h. Hvile Vask Kompagniets Salgskontor v.T. Nielsen og Kaj Mortensen, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður, en máflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjenda fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans, kr. 9.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 25. maí 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f. m., hefur Eyjólfur Kolbeinsson stórkaupmaður hér í bæ vegna firmans Kolbeins Þorsteinssonar & Co. hér í bænum og fyrir hönd Hvile Vask Kompagniet í Kaupmannahöfn höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 31. ágúst 1955, gegn stjórnendum Neytendasamtaka Reykjavíkur fyrir hönd samtakanna og fyrstu stjórnendum Neytendasamtaka Reykjavíkur persónulega, þeim Sveini Ásgeirssyni hagfræðingi, Grettisgötu 67 A, Elsu Guðjónsson húsrú, Laugateigi 31, Gunnari Friðrikssyni framkvæmdastjóra, Grenimel 13, dr. Gunnlaugi Þórðarsyni héraðsdómslögmanni, Leifsgötu 15, Halldóru Eggertsdóttur námsstjóra, Bjargarstíg 2, Halldóru Einarsdóttur húsmæðrakennara, Þormóðsstöðum, Svövu Sigfúsdóttur húsrú, Barónsstíg 39, Gunnari Björnssyni efnaverkfræðingi, Grenimel 13, Ingólfi Guðmundssyni verðgæzlustjóra, Garðastræti 14, Jónínu Guðmundsdóttur húsrú, Barónsstíg 80, Lárusi Jónatanssyni verkamanni, Nesvegi 64, Pétri Péturssyni skrifstofustjóra, Hringbraut 45, Sveini Ólafssyni fulltrúa, Hólmgarði 46, Torfa Þorsteinssyni verkstjóra, Hringbraut 45, Vilhjálmi Árnasyni héraðsdómslögmanni, Skipasundi 21, Snorra P. Snorrassyni lækni, Grettisgötu 57 A, Valdimar Jónssyni efnaverkfræðingi, Reykjavíkurvegi 29, Þórhalli Halldórssyni mjólkurfræðingi,

Eiríksgötu 31, Margréti Jónsdóttur húsfrú, Leifsgötu 27, Helgu Sigurðardóttur skólastjóra, Drápuhlíð 42, Önnu Gísladóttur húsfrú, Laugavegi 66 B, Einari Jóhannssyni, Bergstaðastræti 48 A, Dagbjörtu Jónsdóttur húsfrú, Laugavegi 66 B, Arinbirni Kolbeinssyni lækni, Miklubraut 1, og Gísla Þorkelssyni efnaverkfræðingi, Melgerði 7, öllum hér í bænum.

Eftir gögnum þeim, sem fram hafa komið, eru málavextir þessir:

Á fundi, sem haldinn var í Reykjavík 26. janúar 1953, var samþykkt að stofna félag, sem nefnt var Neytendasamtök Reykjavíkur. Framhaldsstofnfundur félagsins var haldinn 23. marz s. á., og voru félaginu þar sett lög og stjórn kjörin. 3. grein félagslaganna hljóðar svo:

„Markmið samtakanna er: að gæta hagsmuna neytenda almennt í Reykjavík. Tilgangi sínum hyggjast samtökin að ná m. a. með því:

1. að vaka yfir því, að fyllsta tillit sé tekið til neytenda almennt, þegar settar eru reglur eða ákvarðanir teknar, sem snerta hagsmunum neytenda,
2. að upplýsa almenning um gildi vöruvals og nauðsyn þess að standa á verði um það að láta ekki blekkjast í viðskiptum,
3. að öryggi í viðskiptum verði aukið með því, að komið verði á fót gæðamati og gæðamerkingum neytendum til leiðbeiningar,
4. að stuðla að því á allan hátt, að á boðstólum séu fyrir almenning nægar og hentugar vörur og almenn þjónusta í samræmi við hagsmunum neytendanna.“

Í fyrstu stjórn félagsins voru fyrrgreindir menn kjörnir.

Innan félagsins starfaði og mun starfa svonefnd gæðamatsnefnd, og skipuðu hana efnaverkfræðingarnir Gísli Þorkelsson, Gunnar Björnsson og Valdimar Jónsson, sem einnig voru allir í stjórn félagsins.

Þrír af stjórnendum félagsins, þau Sveinn Ásgeirsson, formaður þess, Gunnlaugur Þórðarson og Halldóra Eggertsdóttir, voru kjörnir í svonefnda framkvæmdanefnd, og mun hlutverk hennar hafa verið það að hafa forgöngu um verkefni þau, er félagið tækist á hendur.

Í ágústmánuði 1953 hóf stefnandi, firmað Kolbeinn Þorsteins-son & Co., innflutning og sölu hér á landi á þvottaefninu Hville Vask, sem framleitt var af Sana Laboratoriet í Kaupmannahöfn, en Hville Vask Kompagniet, Allégade 27—29 í Kaupmannahöfn, var einkasali fyrir þvottaefni þetta, og fékk Kolbeinn Þorsteins-

son & Co. frá firma þessu einkaumboð fyrir þvottaefnið hér á landi. Kveður stefnandi, að firmað hafi í ágústmánuði 1953 selt hér 273 pakka af þvottaefninu, í septembermánuði 2945 pakka og salan hafi stöðugt aukizt, þar til hún í nóvembermánuði hafi komizt upp í 8180 pakka. Eftir það hafi sala á þvottaefninu verið mjög lítil, og verður nánar vikið að því síðar.

Haustið 1953 fólu framkvæmdanefndarmennirnir Sveinn Ásgeirsson og Gunnlaugur Þórðarson gæðamatsnefnd að taka þvottaefnið Hvile Vask til rannsóknar. Höfðu þeir áður verið sammála um það, að æskilegt væri að leita álits gæðamatsnefndar á öllum helztu þvottaefnum, sem þá voru á boðstólum hér í bænum. Ræddu þeir um þetta við gæðamatsnefnd, en hún taldi það svo umfangsmikið og kostnaðarsamt, að það væri óframkvæmanlegt. Hins vegar taldi hún gerlegt að taka til rannsóknar eitt eða fá þvottaefni, og varð Hvile Vask fyrir valinu í því skyni. Kveða framkvæmdanefndarmenn þessir, að ástæðan til þess, að þeir báðu gæðamatsnefnd að rannsaka Hvile Vask-þvottaefnið, hafi verið sú, að þeim hefðu borizt margar fyrirspurnir og jafnvel kvartanir um þvottaefni þetta, sem á þessum tíma muni hafa verið mikið auglýst. Þeir gátu þó ekki við réttarrannsókn þá, sem síðar verður vikið að, tilgreint neina ákveðna menn, er spurzt hefðu fyrir um þvottaefnið eða kvartað yfir því.

Þegar gæðamatsnefnd hafði verið falin athugun á Hvile Vask-þvottaefninu, óskaði Gunnar Björnsson, sem var starfsmaður Sápugerðarinnar Friggjar hér í bænum, að hverfa úr nefndinni. en fyrrnefndir framkvæmdanefndarmenn töldu ekki ástæðu til þess, þar sem hinir tveir nefndarmennirnir voru ekki viðriðnir neitt þvottaefnisfyrirtæki, enda álitu þeir heppilegt, að við rannsóknina væri maður, sem hefði sérstaka þekkingu og reynslu varðandi þvottaefni.

Gæðamatsnefnd fól síðan Atvinnudeild háskólans að efnagreina þvottaefnið Hvile Vask, og samkvæmt vottorði hennar, dags. 20. október 1953, var þar framkvæmd efnagreining á 1 pakka af þvottaefninu, er keyptur hafði verið í nafngreindri verzlun hér í bænum.

Samkvæmt vottorðinu var niðurstaða efnagreiningarinnar þessi:

Feitisyður	25.24%
Vatn	30.42%
Ekvivalenttala feitisyra	257.6
Súrefnisjafngildi bleikiefna	3.05%,

en það samsvarar 30.5% af natríumperborati tetrahýdrati ($\text{NaBO}_3 \cdot 4\text{H}_2\text{O}$).

Að efnagreiningu lokinni samdi gæðamatsnefnd svohljóðandi greinargerð um rannsóknina, og stóðu allir nefndarmenn að henni:

„Eins og nýlega var getið um, hafa Neytendasamtök Reykjavíkur skipað gæðamatsnefnd, sem hefur það hlutverk að vaka yfir því, að neytendur séu ekki óvitandi og varnarlausir gagnvart lélegum neyzluvörum, sem hafðar eru á boðstólum. Að vísu hlýtur þessi starfsemi að vera lítil að vöxtum til að byrja með, þar sem bæði skortir fé og tæki til þess að gera samanburðar-rannsóknir, en vitanlega væri æskilegt, að gæðamat væri á sem flestum neyzluvörum almennings til þess að gefa fólki kost á að kynnast gæðum þeirra og löstum, áður en kaup eru gerð.

Fyrsta mál, sem nefndin tekur fyrir, er, samkvæmt tilmælum Neytendasamtakanna, athugun á þvottahæfni þvottaefnisins Hvile Vask, sem er framleitt í Danmörku. Er þetta gert vegna fyrirspurna, sem samtökunum hafa borizt um þetta þvottaefni. Nefndin hefur látið rannsaka það, og eru niðurstöður Atvinnudeildar háskólans um það eftirfarandi:

Sápa	27.4%
Vatn	30.4%
Bleikiefni (natríumperborat)	30.5%

Þyngd eins pakka var 368.5 g með umbúðum.

Verð eins pakka var kr. 14.85 (pakkin var keyptur hjá Silla & Valda).

Með hliðsjón af efnagreiningu Atvinnudeildarinnar má draga eftirfarandi ályktanir:

1. að sápuinnihald þess sé fremur lítið, þar sem sápuinnihald í góðu þvottaefni er venjulega um 35—45%.

2. Hvile Vask inniheldur ákaflega mikið bleikiefni eða 4—6 sinnum meira en hæfilegt er og venjulegt getur talizt í sjálfvirkum þvottaefnum.

3. Hvile Vask er mjög dýrt samanborið við gamalreynd og viðurkennd þvottaefni, sem hér eru á markaði.

4. Hið óeðlilega mikla bleikiefnainnihald Hvile Vask samfara tiltölulega litlu sápuinnihaldi hefur það í för með sér, að þvottur með því byggist ekki fyrst og fremst á hreinsun óhreininda úr þvottinum, eins og ætlun er með þvotti, en miklu fremur á bleikingu óhreinindanna í honum og bleikingu efnisins, sem þvegið er.

Með notkun Hvile Vask má að vísu fá hvítan þvott, en með

svona miklu bleikiefnisinnihaldi og við þau skilyrði, sem leiðarvísir á Hvile Vask-pakkanum segir til um, er ofbleiking óhjákvæmileg á þvottinum, en hún veldur, þegar til lengdar lætur, óhæfilega miklu sliti á honum. Of mikil bleiking hefur það í för með sér, að þræðir efnisins verða stökkir og brotna því fremur.

Af framangreindum ástæðum verður gæðamatsnefnd Neytendasamtakanna að vara almenning við einhliða notkun Hvile Vask. Hins vegar getur nefndin fallið á, að það megi nota sem bleikiefni með öðrum þeim þvottaefnum, sem ekki innihalda bleiki, en þá væri hæfilegt að nota 4—6 sinnum minna af Hvile Vask en gefið er upp í leiðarvísi á pakkanum. Það yrði þó dýrara í notkun en flest bleikiefni, sem húsmæður eru vanar að nota.“

Greinargerð þessa afhenti gæðamatsnefnd Sveini Ásgeirssyni, formanni félagsins og framkvæmdanefndarmanni, og ákvað hann og framkvæmdanefndarmaðurinn Gunnlaugur Þórðarson að birta hana í blöðum og sendu hana blöðunum til birtingar. Gerðu þeir þetta á eigin spýtur.

Í Morgunblaðinu, sem út kom 13. nóvember 1953, birtist síðan grein með yfirskriftinni: *Fyrsta aðvörun gæðamatsnefndar Neytendasamtakanna til manna.*

Segir þar fyrst, að nú hafi gæðamatsnefnd Neytendasamtakanna sent frá sér fyrstu aðvörun sína eða leiðbeiningu til almennings, og sé þar varað við einhliða notkun danska þvottaefnisins Hvile Vask, sem muni hafa átt nokkrum vinsældum að fagna meðal húsmæðra. Síðan er tekið upp í greinina orðrétt úr greinargerðinni efnagreining Atvinnudeildarinnar og niðurstöður gæðamatsnefndar, en efninu er skipt undir þessar undirfyrirsagnir:

Óeðlilega mikið bleikiefni. Má fá hvítan þvott, en ofbleiking óhjákvæmileg. Varað við einhliða notkun.

Samhljóða greinar komu sama dag í Tímanum og Þjóðviljanum. Er fyrirsögn greinarinnar í Tímanum þessi:

Gæðamatsnefndin tekin til starfa. Varar við einhliða notkun þvottaefnisins Hvile Vask. En í Þjóðviljanum er fyrirsögnin: Gæðamatsnefnd Neytendasamtakanna varar almenning við einhliða notkun þvottaefnis.

Í Tímanum er sett inn í greinina undirfyrirsögnin: *Varað við notkun.* En í Þjóðviljagreininni er engin undirfyrirsögn.

Þá birtist sama dag í Alpýðublaðinu grein undir fyrirsögninni: *Gæðamatsnefnd varar við notkun þvottaefnisins Hvile Vask — svo hljóðandi:*

„Gæðamatsnefnd Neytendasamtaka Reykjavíkur er nú tekin til starfa. Hefur nefndin rannsakað þvottaefnið Hvile Vask og komið að þeirri niðurstöðu, að sápuinnihald efnisins er óeðlilega lítið.

Við efnagreiningu reyndust hlutföllin þessi: sápa 27.4%, vatn 30.4% og bleikiefni 30.5%. Sápuinnihald í góðu þvottaefni er venjulega 35—45%. Má af því marka, hversu lítið sápuinnihald er í Hvile Vask. Hins vegar inniheldur þvottaefnið óhóflega mikið bleikiefni eða 4—6 sinnum meira en venjulegt og hæfilegt getur talizt í sjálfvirku þvottaefni. Byggist þvotturinn með Hvile Vask einmitt á því, að þvotturinn er fremur bleiktur en hreinsaður. Vill gæðamatsnefnd því vara almenning við einhliða notkun þvottaefnisins Hvile Vask.“

Loks birtist í Neytendablaðinu fyrir desember, sem Sveinn Ásgeirsson var meðritstjóri að, grein undir fyrirsögninni:

Starf gæðamatsnefndar N.S.R. vekur alþjóðarathygli.

Eftir nokkur inngangsorð segir svo undir fyrirsögninni: *Af hverju Hvile Vask fyrst?*

„Á þann hátt hafa margir spurt, en þannig hefði mátt spyrja, á hverju sem byrjað hefði verið. Að sjálfsögðu var málið athugað vandlega, áður en ákveðið var að birta niðurstöður gæðamatsnefndarinnar, eftir að henni hafði verið falið sérstaklega að rannsaka þvottaefni þetta. Stjórn N.S.R. var það vel ljóst, hver áhætta fylgdi þessu skrefi, en einnig hitt, að mikil verðmæti voru í húfi fyrir einstaklinga og þjóðina í heild. Eru samtökin við öllu búin í þessu máli.“ Þá kemur undirfyrirsögnin:

Af hverju ekki öll þvottaefni? og síðan framhald svo hljóðandi:

„Í fyrstu var ætlunin að rannsaka öll þvottaefni, erlend og innlend, sem hér eru á markaði, en það reyndist allt of umfangsmikið verkefni og of dýrt til þess, að samtökin gætu kostað það að sinni. En Hvile Vask, sem gaf flest tilefni til rannsókna, reyndist hafa slíka sérstöðu meðal þvottaefna, að full ástæða var að vara fólk við einhliða notkun þess, eins og gert var. Leiðbeiningarnar á pökkunum sjálfum voru beinlínis villandi samkvæmt niðurstöðum gæðamatsnefndarinnar. Og niðurstöður hinna þriggja efnafræðinga, sem nefndina skipa, voru að sjálfsögðu dregnar samkvæmt viðurkenndum vísindalegum reglum um þessi efni.“ — Síðan eru birtar orðréttar niðurstöður gæðamatsnefndar og með sömu undirfyrirsögnum og í Morgunblaðinu.

Fyrirsagnir munu ekki hafa fylgt greinargerð gæðamatsnefndar til dagblaðanna frá framkvæmdanefndarmönnum. Hins vegar

setti Sveinn Ásgeirsson og meðritstjóri hans að Neytendablaðinu fyrirsgagnir að greininni, sem birtist í því blaði, og inn í hana.

Framangreindar aðgerðir framkvæmdanefndarmannanna Sveins Ásgeirssonar og Gunnlaugs Þórðarsonar, þ. e. ákvörðun þeirra um að fela gæðamatsnefnd rannsókn á þvottaefninu Hvile Vask og síðar birting greinargerðarinnar í blöðum, voru ekki bornar formlega undir almennan stjórnarfund, áður en þær fóru fram, en þær höfðu verið ræddar á slíkum fundum, sem munu hafa verið svo fámennir, að þeir voru ekki ályktunarhæfir. Hins vegar skýrði formaður N.S.R. á almennum stjórnarfundi, sem haldinn var 21. nóvember 1953, frá fyrrgreindum aðgerðum þeirra framkvæmdanefndarmannanna, og voru þær samþykktar einróma. Segir í fundargerðinni, að 14 stjórnarmenn hafi sótt fund þennan.

Stefnandi telur, að allar hinar niðrandi staðhæfingar Neytendasamtaka Reykjavíkur um þvottaefnið Hvile Vask séu rangar og að engu hafandi. Rannsóknir, er síðar verður greint frá, sýni m. a., að það sé með öllu rangt, að óeðlilega mikið bleiki efni sé í Hvile Vask. Þvottaefni þetta hreinsi þvott með sérstökum hætti, það leysi upp óhreinindin úr þvottinum og bleiki ekki óeðlilega, heldur skýri alla liti, en deyfi þá ekki á nokkurn hátt. Þá sé og sannað með slitþolsrannsóknum, að óvenjulega lítið slit verði á þvotti, sem þveginn sé úr Hvile Vask. Heldur stefnandi því fram, að með framangreindum aðgerðum hafi fyrstu stjórnendur Neytendasamtaka Reykjavíkur farið með og útbreitt um Hvile Vask-þvottaefnið rangar sögusagnir, sem miði til að hnekkja sölu þvottaefnisins. Þá eigi þessar sögusagnir einnig við atvinnufyrirtæki það, SanaLaboratoriet, sem framleiði þvottaefnið, og séu til þess fallnar að hnekkja sölu fyrirtækisins á þvottaefninu hér á landi. Telur stefnandi, að nefndir stjórnendur hafi með þessu athæfi gerzt brotlegir við 11. gr. laga nr. 84 frá 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, og beri að refsa þeim af því efni eftir ákvæðum greinarinnar. Þá telur stefnandi og, að þessir stjórnendur Neytendasamtakanna hafi með umræddu athæfi einnig brotið gegn 229. gr. og 2. málsg. 232. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19. frá 1940, og þannig unnið til refsingar eftir þeim lagaboðum. Enn fremur telur stefnandi sýnt, að aðgerðir Neytendasamtaka Reykjavíkur gegn sölu þvottaefnisins Hvile Vask, þær er að framan hafa verið raktar, hafi borið þann árangur, að sala þvottaefnisins hafi þegar dregizt svo saman, að varla hafi verið um neina sölu á þvottaefninu

að ræða, eftir að Neytendasamtökin hófust handa gegn því. Meira að segja hafi orðið nokkur tregða á sölu efnisins í Færeyjum, eftir að fyrrnefndar greinar birtust í hinum íslenzku blöðum. Hefur stefnandi því til stuðnings, að sala þvottaefnisins hafi dregið saman, lagt fram vottorð löggilts endurskoðanda þess efnis, að samkvæmt birgðaskrá og dagbók firmans Kolbeins Þorsteinssonar & Co. frá 4. ágúst 1953 til 22. okt. s. á. og frum-sölubókum, sem ná yfir tímabilið frá 19. október 1953 til 26. marz 1954, hafi sala firmans á Hvile Vask verið sem hér segir:

Í ágúst 1953	131	pakki
- september 1953	2756	pakkar
- október 1953	7314	—
- nóvember 1953	8255	—
- desember 1953	567	—
- janúar 1954	420	—
- febrúar 1954	1036	—
- marz 1954	162	—

Af þessu yfirliti megi sjá, að sala þvottaefnisins fari stöðugt vaxandi fram í nóvembermánuð eða þar til út hafi komið í dagblöðum bæjarins greinar Neytendasamtaka Reykjavíkur gegn Hvile Vask. Hins vegar sjáist og af yfirlitinu, að eftir þann tíma hafi sala á þvottaefninu fallið niður í lítið sem ekki neitt, enda hafi svo verið síðan.

Stefnandi telur öldungis öruggt, að sala á þvottaefninu Hvile Vask mundi hafa haldið áfram að aukast, ef Neytendasamtök Reykjavíkur hefðu ekki hafizt handa um að berjast gegn sölu þvottaefnisins. Telur hann sennilegt, að firma hans, Kolbeinn Þorsteinsson & Co., og Hvile Vask Kompagniet hafi misst af sölu hér á landi á um 9000 pökkum af þvottaefninu til jafnaðar á mánuði, eftir að liðinn var nóvembermánuður 1953, vegna fyrrgreindra aðgerða Neytendasamtaka Reykjavíkur, og þó megi ætla, að þessi áætlun sé allt of lág. Á tímabilinu desember 1953—apríl 1954 hafi því fyrirtæki þessi misst af sölu á 45.000 pökkum af Hvile Vask, en sé miðað við tímabilið desember 1953—ágúst 1955, hafi þau misst af sölu á samtals 189.000 pökkum af þvottaefninu. Samkvæmt upplýsingum frá Hvile Vask Kompagniet nemi álagning þess félags á hvern pakka 40 dönskum aurum og álagning firmans Kolbeins Þorsteinssonar & Co. sé kr. 1.25 á hvern pakka. Nemi því tjón Hvile Vask Kompagniets af völdum Neytendasamtaka Reykjavíkur í sambandi við sölu á Hvile Vask-þvottaefninu miðað við tímabilið desember 1953—

apríl 1954 dönskum kr. 18.000,00 og tjón firmans Kolbeins Þorsteinssonar & Co. miðað við tímabilið desember 1953 — ágúst 1955 ísl. kr. 236.500,00 (svo).

Þá heldur stefnandi því fram, að að sjálfsögðu megi búast við stöðugu og áframhaldandi tjóni, meðan Neytendasamtök Reykjavíkur birti ekki leiðréttingu á aðförum sínum, og jafnvel megi ætla, að slík leiðrétting mundi ekki bæta að fullu í framtíðinni fyrir aðgerðir félagsins. Á þessum grundvelli geymir stefnandi firma sínu og Hvile Vask Kompagniet rétt til frekari bótagreiðslna í framtíðinni úr hendi Neytendasamtaka Reykjavíkur út af umræddu efni.

Stefnandi kveðst hvað eftir annað hafa skorað á stjórnendur Neytendasamtaka Reykjavíkur að afturkalla ummæli sín um Hvile Vask-þvottaefnið og birta opinberlega leiðréttingar á þeim, en þessar áskoranir hafa verið árangurslausar. Liggur fyrir í málinu endurrit af bréfi, dags. 19. janúar 1954, til Neytendasamtaka Reykjavíkur frá Tage Lasson, Landsretssagförer í Kaupmannahöfn, þar sem hann skorar á Neytendasamtökin að afturkalla ummæli sín um Hvile Vask þegar í stað opinberlega í sömu blöðum og þau birtust, en engin slík afturköllun hefur átt sér stað.

Með vísan til rökfærslu sinnar, sem rakin er hér að framan, hefur stefnandi gert þær dómkröfur í málinu,

að áðurnefndir fyrstu stjórnendur Neytendasamtaka Reykjavíkur verði dæmdir til að sæta hinn þyngstu refsingu, sem lög leyfa, og

að þeir persónulega og núverandi stjórnendur Neytendasamtaka Reykjavíkur fyrir hönd samtakanna verði in solidum dæmdir til að greiða honum í skaðabætur vegna firmans Kolbeins Þorsteinssonar & Co. ísl. kr. 236.250,00 og fyrir hönd Hvile Vask Kompagniet danskar kr. 18.000,00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Hinir stefndu stjórnendur hafa persónulega og fyrir hönd Neytendasamtaka Reykjavíkur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Til vara krefjast þeir, að einstakir stjórnarmenn persónulega verði sýknaðir, að bótakröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði látinn falla niður.

Aðalkröfu sína reisa stefndu á því, að þar sem það sé einn aðaltilgangur Neytendasamtaka Reykjavíkur að leiðbeina almenningi um vörukaup og með því að leiðbeiningar þær, sem í té

voru látnar, hafi verið byggðar á niðurstöðum gæðamatsnefndar Neytendasamtakanna og þær niðurstöður veitt næga ástæðu til að vara við einhliða notkun þvottaefnisins Hvile Vask, þá beri að sýkna þau öll af kröfum stefnanda í málinu. Benda stefndu á, að Neytendasamtökunum sé heimilt að gagnrýna þær vörur, sem á boðstólum séu hverju sinni, svo fremi slík gagnrýni sé á rökum reist. Slík starfsemi sé frá þjóðhagslegu sjónarmiði nauðsynleg og sjálfsögð, og mundi sýknudómur í máli þessu því á sinn hátt mega skoðast vottur þess, að slík starfsemi megi þrífast áfram og teljast réttmæt.

Þá mótmæla stefndu því sérstaklega, að þau hafi á nokkurn hátt gerzt brotleg við refsíákvæði.

Varakröfuna reisa stefndu í fyrsta lagi á því, að sala á Hvile Vask sé ekki rétt gefin upp hjá stefnanda. Í öðru lagi telja þau, að sala þvottaefnis þessa hefði sjálfkrafa dregið saman án tilverknaðar Neytendasamtakanna vegna reynslu, sem fengið hefði við notkun þvottaefnisins, svo sem reyndin hefði orðið á í framleiðsluborg þvottaefnisins, Kaupmannahöfn. Loks reisa stefndu kröfu sína um sýknu fyrir einstaka stjórnarmenn Neytendasamtaka Reykjavíkur á því, að óréttmætt sé að sækja nokkurn þeirra til ábyrgðar persónulega, þar eð störf þeirra séu þjónusta við almennig án nokkurs endurgjalds, hvað þá ávinningsvonar.

Stefnandi hefur lagt fram vottorð frá Steins Laboratorium í Kaupmannahöfn um efnagreiningu á 4 sýnishornum af þvottaefninu Hvile Vask, og voru þrjú sýnishornin keypt af stofnuninni í tilteknum verzlunum í borginni, auðkennd I, II og III, en hið 4. sent stofnuninni af Hvile Vask Kompagniet og auðkennt 1. Niðurstöður rannsóknarinnar á sýnishornunum voru þessar:

	I	II	III	1.
Þyngdartap við þurrkun v. 105°C.	27,9%	26,8%	30,5%	26,8%
Feitisyra	28,6%			28,0%
Natríumkarbónat (Na ₂ CO ₃)	30,5%			36,5%
Natríumperborat (Na BO ₃ ,H ₂ O)	17,4%			14,2%

Síðan segir í vottorðinu, að eftir efnagreiningunni geti samsetning sýnishorna I og 1. hafa verið þessi:

	I	1.
Sápa	ca. 35%	ca. 34%
Vatnslaus (kalsineret) sóði (Na ₂ CO ₃) ..	— 30,5%	— 36,5%
Natríumperborat (Na BO ₃ ,H ₂ O)	— 26,8%	— 21,7%
Afgangur (raki)	— 7,7%	— 7,8%

Þá hefur stefnandi og lagt fram vottorð frá J. & O. Hansens Laboratorium í Kaupmannahöfn, dags. 26. nóvember 1953, þess efnis, að rannsóknarstofan hafi þvegið venjulegan hörvefnað 75 sinnum úr þvottaefninu Hvile Vask og látið opinbera rannsóknarstofu mæla styrkleika vefnaðarins óþvegens og þvegens 75 sinnum. Varð niðurstaðan sú, að styrkleiki uppistöðunnar óþveginar reyndist vera 39 kg, en á henni þveginni 37 kg. Styrkleiki óþvegens ívafsins var 65 kg, en þvegens 64 kg.

Styrkleikarannsókn þessi mun hafa verið gerð af Teknologisk Institut í Kaupmannahöfn, sbr. bréf stofnunarinnar, dags. 24. nóvember 1953 og auðkennt nr. 11 á dskj. nr. 3.

Enn hefur stefnandi lagt fram hinn 10. maí 1954 vottorð frá 22 húsmæðrum hér í bænum þess efnis, að þær hafi notað Hvile Vask-þvottaefnið að miklu eða öllu leyti, síðan það kom á markaðinn, og geti ekki séð, að þvottaefnið hafi skemmt eða eyðilagt þvottinn, þvert á móti virðist þeim Hvile Vask vera gott þvottaefni.

Af vottorðsgefendum þessum voru 6 valdar af handahófi og kallaðar fyrir dóm sem vitni. Töldu þær vottorðið rétt að efni til og skýrðu svo frá, að þeim virtist Hvile Vask hreinsa þvottinn vel og þær hefðu ekki orðið þess varar, að það ylli skemmdum á honum.

Í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur hinn 25. maí 1954 voru þeir dr. Björn Jóhannesson og Pétur Sigurjónsson efnaverkfræðingar dómkvaddir til að efnagreina 3 pakka af þvottaefninu Hvile Vask, pakka auðkenndan nr. I, afhentan af stefnanda, pakka auðkenndan nr. II, afhentan af dr. Gunnlaugi Þórðarsyni, og pakka auðkenndan nr. III, keyptan að tilhlutun dómsins í verzlun Silla & Valda í Aðalstræti.

Þá var hinum dómkvöddu mönnum jafnframt falið að framkvæma styrkleikarannsókn á nýju baðmullarefni, fyrir og eftir að það hefði verið þvegið 50 sinnum með þvottaefninu Hvile Vask, og eftir þeim reglum, sem skráðar eru á umbúðir þvottaefnisins.

Samkvæmt álitserð hinna dómkvöddu manna, dags. 12. nóvember 1954, framkvæmdu þeir efnagreiningu á áðurgreindum 3 pökkum og auk þess á meðalsýnishorni af 16 pökkum af þvottaefninu, er keyptir voru í 4 nafngreindum verzlunum í Reykjavík. Var meðalsýnishorn þetta auðkennt nr. IV.

Þessar efnarannsóknir voru gerðar á umræddum sýnishornum:

1. Þyngdartap við þurrkun við 105°C yfir nótt.
2. Innihald af perborati.
3. Innihald af sápu.
4. Innihald af karbónati.

Niðurstaða efnagreiningarinnar á sýnishornunum var þessi:

Sýnishorn:	I	II	III	IV
Þyngdartap við þurrkun við 105°C.	24,6%	24,6%	25,1%	26,5%
Perborat, reiknað sem Na BO ₂ H ₂ O ₂ , 3H ₂ O	31,0%	28,8%	30,2%	30,8%
Sápa, reiknuð sem Na-salt af feitisyrum	29,4%	29,2%	30,5%	27,0%
Natríumkarbónat, reiknað sem Na ₂ CO ₃	21,2%	21,7%	20,7%	21,5%

Þá þvoðu hinir dómkvöddu menn baðmullarefni úr Hvile Vask-þvottaefninu 50 sinnum og höguðu þvottinum í samræmi við leiðarvísi, sem prentaður var á umbúðirnar. Þvegið var úr misjafnlega sterkum þvottalegi. Í veikari löginn voru sett 326 gr (1 pakki) af Hvile Vask í 75 lítra af vatni eða 21,8 gr í 5 lítra, en það magn þvottalagar var notað við þvottinn. Í sterkari löginn voru hins vegar sett 29,6 gr í 5 lítra vatns. Að þvotti loknum var mældur styrkleiki hins þvegna baðmullarvefnaðar, uppistöðu og ívafs, hvors í sínu lagi, en jafnframt til samanburðar styrkleiki sama vefnaðar óþvegins.

Niðurstöður styrkleika eða slitþolsmælinganna voru þessar:

	Uppistaða	Ívaf
Baðmullarvefnaður, þveginn í eitt skipti	+	
	24,0 ÷ 1,5 kg	24,7 ÷ 1,3 kg
Vefnaður, þveginn 50 sinnum	+	
úr veikari leginum	20,0 ÷ 1,0 —	20,2 ÷ 1,5 —
Vefnaður, þveginn 50 sinnum	+	
úr sterkari leginum	19,5 ÷ 1,0 —	20,2 ÷ 0,7 —

Svarar þetta til, að að meðaltali minnki styrkleiki baðmullarvefnaðarins við þvott í 50 skipti úr Hvile Vask um 16,6% fyrir uppistöðu og 18,2% fyrir ívaf, þegar þvegið er úr hinum veikari þvottalegi, en um 18,8% fyrir uppistöðu og 18,2% fyrir ívaf, þegar þvegið er úr sterkari leginum.

Efnagreiningar þær, sem fyrir liggja í málinu og raktar hafa verið hér að framan, sýna aðeins óverulegan og ekki óeðlilegan

mismun á efnasamsetningu þvottaefnisins Hvile Vask, og skiptir sá mismunur ekki máli við notkun efnisins.

Hins vegar verður að telja sannað með álitserð hinna dómkvöddu manna, sem studd er af fyrrgreindri slitþolsrannsókn í Kaupmannahöfn og vætti húsmæðranna 6, sem áður er dregið á, að þvottur með þvottaefninu Hvile Vask valdi ekki óeðlilegu sliti á vefnaði, þegar farið er við þvottinn eftir leiðbeiningum þeim, sem skráðar eru á umbúðir þvottaefnisins. Ályktanir þær, sem gæðamatsnefnd dregur af efnagreiningu Atvinnudeildar háskólans um áhrif bleikiefnis þess, natríumperborats, sem þvottaefnið Hvile Vask inniheldur, á vefnað, sem þveginn er úr þvottaefninu, hafa því ekki við rök að styðjast, og var þá einnig óréttmætt að vara almenning hér á landi við notkun þvottaefnisins á þann hátt, er gert var og rakið hefur verið hér að framan.

Með bréfi, dags. 24. apríl 1954, kærði stefnandi fyrir hönd fyrrgreindra umbjóðenda sinna til sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur yfir atferli því, sem lýst hefur verið hér að framan, og krafðist refsingar á hendur stjórnendum Neytendasamtaka Reykjavíkur eftir sömu lagaboðum og í máli þessu og skaðabóta úr hendi þeirra persónulega og fyrir hönd Neytendasamtakanna. Var málið rannsakað allýtarlega af dómnum og endurrit af rannsókninni síðan sent til dómsmálaráðuneytisins til fyrirsagnar með bréfi, dags. 11. marz 1955. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 2. júní 1955, tilkynnti það sjó- og verzlunardómnum, að það „fyrirskipaði ekki frekari aðgerðir í máli þessu af hálfu hins opinbera“.

Í 2. málsgr. 16. gr. laga nr. 84 frá 1933 segir meðal annars, að brot gegn 11. gr. laganna sæti málssókn samkvæmt beiðni þess, er fyrir óréttinum hefur orðið. Þá segir m. a. undir a í 2. tölulið 242. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940, að brot gegn 232. gr. laganna sæti opinberri ákæru eftir kröfu þess manns, sem misgert var við. Sæta brot gegn 11. gr. laga nr. 84 frá 1933 og 2. málsgr. 232. gr. hegningarlaganna því skilyrtri opinberri ákæru.

Dómsmálaráðuneytið hefur, svo sem hér að framan er sagt, hafnað því að fyrirskipa opinbera málssókn gegn stjórnendum Neytendasamtaka Reykjavíkur fyrir meint brot þeirra á síðastnefndum lagaboðum. Er stefnandi því ekki réttur aðili að refsikröfu á hendur stjórnendum fyrir brot á lagaákvæðum þessum.

Mál út af broti gegn 229. gr. hegningarlaganna sætir hins vegar einkaákæru. Lagagrein þessi hljóðar svo: „Hver, sem skýrir opin-

berlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti verknaðinn, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.“

Það verður ekki talið, að aðgerðir stjórnenda Neytendasamtaka Reykjavíkur varðandi þvottaefnið Hvile Vask, þær er lýst hefur verið, falli undir það að skýra opinberlega frá *einkamálefnum* annars manns. Hafa stjórnendurnir því ekki gerzt brotlegir við þessa grein.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stjórnendurna af öllum refsikröfum stefnanda í málinu.

Því hefur áður verið slegið föstu, að ályktanir gæðamatsnefndar um áhrif bleikiefnis þess, natríumperborats, sem þvottaefnið Hvile Vask inniheldur, á vefnað hafa ekki við rök að styðjast og að því var óréttmætt að vara almenning við notkun þess.

Það þykir nægilega í ljós leitt, að birting greinargerðar gæðamatsnefndar í áðurgreindum blöðum, eins og hún var úr garði gerð, hefur dregið mjög úr sölu þvottaefnis þessa hér á landi og á þann hátt valdið framleiðanda þvottaefnisins og einkumboðsmanni hérlandis tjóni. Greinargerðin í heild var sérstaklega til þess fallin að fæla almenning frá að kaupa þvottaefni þetta. Þá sýnir og fyrrgreint vottorð hins löggilta endurskoðanda, sem ekki þykir ástæða til að vefengja og áður hefur verið rakið, að sala þvottaefnisins jókst hröðum skrefum fram í nóvembermánuð 1953, en í þeim mánuði birtist greinargerðin í blöðunum, en féll í næsta mánuði (desember) niður í óverulegan hluta þess, sem hún hafði áður verið, og náðist ekki upp aftur á tímabili því, sem vottorð endurskoðandans nær yfir.

Framkvæmdanefndarmennirnir Sveinn Ásgeirsson og Gunnlaugur Þórðarson höfðu, eins og áður er sagt, forgöngu um rannsókn gæðamatsnefndar á umræddu þvottaefni og síðar um birtingu greinargerðar hennar í blöðunum í nafni Neytendasamtaka Reykjavíkur. Aðgerðir þessar voru bornar undir almennan stjórnarfund samtakanna, sem haldinn var 21. nóvember 1953 eða 8 dögum síðar en greinargerðin birtist í blöðum. Fund þennan virðist meiri hluti stjórnarmanna hafa sótt, og samþykktu þeir aðgerðirnar einróma. Er stefndi, Neytendasamtök Reykjavíkur, því fébótaskyldur gagnvart umbjóðendum stefnanda um það tjón, er umræddar aðgerðir kunna að hafa valdið þeim. Tilgangur samtakanna heimilar þeim að sjálfsögðu ekki gagnrýni á einstakar vörutegundir, nema hún sé fyllilega réttmæt.

Verður nú tekin til athugunar afstaða einstakra stjórnarmanna hinna stefndu samtaka til umræddra aðgerða.

Áður er fram komið, að sumar ályktanir gæðamatsnefndar í greinargerð þeirri, er hún afhenti fyrrnefndum framkvæmdanefndarmönnum, höfðu ekki við rök að styðjast. Gæðamatsnefndarmennirnir hafa hver um sig haldið því fram, að þeir hafi engan hlut átt að því, að greinargerð þeirra var birt í blöðum. Hins vegar verður orðalag síðustu málsgreinar greinargerðarinnar ekki skilið öðruvísi en svo, að þeir hafi samið greinargerðina með það fyrir augum, að hún yrði birt almenningi. Var því sérstaklega óvarlegt af þeim að afhenda greinargerð sína, að því er ætla má, til birtingar, án þess að hafa sannreynt í verki, hver áhrif þvottur með þvottaefninu Hvile Vask hefði á vefnað. En ekki verður séð, að þeir hafi gert neinar tilraunir í þá átt.

Að því athuguðu, sem hér á undan er rakið, verður að telja, að hinir stefndu gæðamatsnefndarmenn og stjórnarmenn, Gísli Þorkelsson, Gunnar Björnsson og Valdimar Jónsson, beri persónulega fébótaábyrgð á margnefndum aðgerðum gagnvart umbjóðendum stefnanda.

Framkvæmdanefndarmennirnir Sveinn Ásgeirsson og Gunnlaugur Þórðarson áttu frumkvæði að og höfðu forgöngu um margumræddar aðgerðir. Þeim hlaut að vera ljóst, hve mikið var í húfi, ef greinargerð gæðamatsnefndar, sem þeir létu birta opinberlega, var ekki á fullum rökum reist, og bar því að vera vel á verði um, að gagnrýnin, sem þar kom fram á Hvile Vaskþvottefninu, væri réttmæt. Þessa gættu þeir ekki sem skyldi, svo sem raun varð á. Verður því einnig að telja, að þeir beri persónulega fébótaábyrgð gagnvart umbjóðendum stefnanda á framangreindum aðgerðum.

Þessir hinna stefndu stjórnarmanna Neytendasamtaka Reykjavíkur viðurkenna að hafa sótt stjórnarfundinn 21. nóvember 1953 og samþykkt þar aðgerðir þær, er þá höfðu farið fram varðandi þvottaefnið Hvile Vask: Elsa Guðjónsson, Gunnar Friðriksson, Halldóra Eggertsdóttir, Pétur Pétursson, Sveinn Ólafsson, Snorri P. Snorrason, Þórhallur Halldórsson og Arinbjörn Kolbeinsson. Þykja þeir með þessu samþykki sínu hafa tekið á sig persónulega fébótaábyrgð á afleiðingum umræddra aðgerða, er síðar kæmu fram, en eins og áður getur, hefur ekki verið sýnt fram á, að aðgerðirnar hafi byrjað að valda umbjóðendum stefnanda

tjóni fyrr en í næsta mánuði eftir fundinn og birtingu greinargerðarinnar í blöðum.

Það verður ekki séð, að þessir hinna stefndu stjórnenda Neytendasamtaka Reykjavíkur hafi haft nokkur afskipti af oft nefndum aðgerðum varðandi þvottaefnið Hvile Vask, hvorki áður en þær fóru fram né heldur eftir á: Halldóra Einarsdóttir, Svava Sigfúsdóttir, Ingólfur Guðmundsson, Jónína Guðmundsdóttir, Lárus Jónatansson, Torfi Þorsteinsson, Vilhjálmur Árnason, Margrét Jónsdóttir, Helga Sigurðardóttir, Anna Gísladóttir, Einar Jóhannsson og Dagbjört Jónsdóttir. Hafa þau því ekki með afskiptum af aðgerðunum bakað sér fébótaábyrgð. Þá verður ekki heldur ætlað til þess af þeim, að þau, eftir að aðgerðirnar höfðu verið framkvæmdar, hæfust handa um að sannreyna það, hvort þær hefðu við rök að styðjast. Ber því að sýkna þessi stefndu af skaðabótakröfum stefnanda vegna umbjóðanda hans, og verða því úrslit málsins, að því er þau varðar, að sýknukröfur þeirra verða teknar til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður varðandi þau verði látinn falla niður.

Áður hafa verið rakin rök stefnanda fyrir fjárhæð bótakrafna hans vegna umjóðenda sinna, en eigi hefur honum tekizt að sanna gegn mótmælum stefndu, hvert raunverulegt tjón umbjóðenda hans varð á því tímabili, er bótakröfur þeirra miðast við.

Það athugast, að álagning framleiðandans og solumannsins er ekki hreinn ágóði í þeirra vasa, frá henni hlýtur að dragast ýmis óhjákvæmilegur kostnaður. Þá þykir mega hafa hliðsjón af því við ákvörðun bótanna, að umbúðirnar um þvottaefnið Hvile Vask (pakkarnir) eru ekki lausar við áprentað skrum og hæpnar fullyrðingar. Enn ber á það að líta, að þvottaefnið var dýrt samanborett við gamalreynd og viðurkennd þvottaefni, sem hér voru á markaði.

Þegar framangreind atriði eru virt, svo og annað það, er máli skiptir, þykja bætur til stefnanda f. h. firmans Kolbeins Þorsteinssonar & Co. hæfilega áætlaðar kr. 40.000,00 og f. h. Hvile Vask Kompagniet kr. 6.000,00. Ber að dæma stefndu Svein Ásgeirsson, Gunnlaug Þórðarson, Gísla Þorkelsson, Gunnar Björnsson, Valdimar Jónsson, Elsu Guðjónsson, Gunnar Friðriksson, Halldóru Eggertsdóttur, Pétur Pétursson, Svein Ólafsson, Snorra P. Snorrason, Þórhall Halldórsson og Arinbjörn Kolbeinsson persónulega og Neytendasamtök Reykjavíkur til að greiða in solidum stefnanda greindar fjárhæðir með 6% ársvöxtum frá

stefnudegi til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.000,00.

Ísleifur Árnason setu-borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum dr. Jóni E. Vestdal efnaverkfræðingi og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndu Halldóra Einarsdóttir, Svava Sigfúsdóttir, Ingólfur Guðmundsson, Jónína Guðmundsdóttir, Lárus Jónatansson, Torfi Þorsteinsson, Vilhjálmur Árnason, Margrét Jónsdóttir, Helga Sigurðardóttir, Anna Gísladóttir, Einar Jóhannsson og Dagbjört Jónsdóttir skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Eyjólf Kolbeinssonar fyrir hönd firmans Kolbeins Þorsteinssonar & Co. og Hvile Vask Kompagniet í máli þessu, og falli málskostnaður, að því er þau varðar, niður.

Þá skulu stefndu Sveinn Ásgeirsson, Gunnlaugur Þórðarson, Gísli Þorkelsson, Gunnar Björnsson, Valdimar Jónsson, Elsa Guðjónsson, Gunnar Friðriksson, Halldóra Eggertsdóttir, Pétur Pétursson, Sveinn Ólafsson, Snorri P. Snorrason, Þórhallur Halldórsson og Arinbjörn Kolbeinsson vera sýkn af refsikröfum stefnanda fyrir hönd áðurgreindra firma.

Stefndu Sveinn Ásgeirsson, Gunnlaugur Þórðarson, Gísli Þorkelsson, Gunnar Björnsson, Valdimar Jónsson, Elsa Guðjónsson, Gunnar Friðriksson, Halldóra Eggertsdóttir, Pétur Pétursson, Sveinn Ólafsson, Snorri P. Snorrason, Þórhallur Halldórsson og Arinbjörn Kolbeinsson persónulega og Neytendasamtök Reykjavíkur greiði in solidum stefnanda, Eyjólf Kolbeinssyni f. h. firmans Kolbeins Þorsteinssonar & Co., kr. 40.000,00, og fyrir hönd Hvile Vask Kompagniet, kr. 6.000,00 ásamt 6% ársvöxtum af fjárhæðunum frá 31. ágúst 1955 til greiðsludags og kr. 5.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.